

62
8. sept.

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 16, 19. maí 1930 [*Laun embættismanna*].

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

Fyrir orðin „til ársloka 1931“ í lagagreininni komi: til ársloka 1933.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Ásgeir Ásgeirsson.

63
8. sept.

L Ö G

um

hýsing prestssetra.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

I. KAFLI.

Um byggingar íbúðarhúsa.

1. gr.

Þar, sem ekki eru viðunandi íbúðarhús á prestssetrum, skal reisa þau úr
varanlegu efni, svo sem fyrir er mælt í lögum þessum.

2. gr.

63

Í fjárlögum skal árlega veita styrk til að reisa minnst 2 íbúðarhús á prestssetrum. Skal styrkurinn nema 12000 kr. til hvers húss. 8. sept.

3. gr.

Að því leyti sem styrkur samkvæmt 2. gr., að viðbættu andvirði niðurlagðra bæjarhúsa á prestssetrum, nægir ekki fyrir byggingarkostnaði, veitir kirkjujarðasjóður lán til greiðslu hans, þó ekki yfir 8000 kr. á hús. Lán þessi ávaxtast og afborgast með 4% á ári, og eru af því 3½% vextir, en ½% afborgun.

4. gr.

Lán þau, er í 3. gr. getur, eru embættislán og tryggð með launum hlutaðeigandi prests, þeim er úr ríkissjóði greiddast, og má halda árlegum greiðslum eftir af laununum með jafnri fjárhæð á mánuði hverjum, enda er presti jafnan skylt að búa í húsi, sem reist er samkvæmt lögum þessum, nema leyfi biskups komi til.

5. gr.

Nú óskar prestur, að íbúðarhús sé reist á prestssetri, og skal hann þá senda beiðni um það til kirkjumálaráðuneytisins um hendur prófests og biskups, sem skulu láta uppi álit sitt um nauðsyn prests. Í beiðninni skal lýst nákvæmlega ástandi bæjarhúsa, enda fylgi henni mat úttektarmanna á verðgildi þeirra.

6. gr.

Nú berst kirkjumálaráðherra beiðni samkvæmt 5. gr., og lætur hann þá, ef prófastur og biskup hafa mælt með beiðninni, byggingarfróðan mann rannsaka aðstöðu um innlent efni, en húsameistara ríkisins gera uppdrátt af húsinu og kostnaðaráætlun. Stærð húss skal miðuð við aðstöðu á hverjum stað, og presti skal jafnan gefið tækifæri til að gera athugasemdir við uppdrátt húsameistara, enda greiðir hann sjálfur þann hluta byggingarkostnaðar, sem er umfram styrk og lán eftir 2. og 3. gr., nema ófullnægjandi kostnaðaráætlun eða verðlagsbreytingum á vinnu eða efni verði um kennt, að dómi ráðherra. Þá greiðir ríkissjóður helming þess, sem húsið hefir farið fram úr áætlun.

Nú fær prestur ekki greitt þann hluta byggingarkostnaðar, er honum ber, og má þá kirkjujarðasjóður veita honum embættislán fyrir því, er til vantar, með sömu vöxtum sem í 3. gr. segir, en þrefalt hærri afborgun.

7. gr.

Þegar ákveðið hefir verið að reisa íbúðarhús á prestssetri, felur ráðherra trúnaðarmanni sínum að hafa eftirlit með byggingunni. Prestur annast framkvæmd verksins, nema ráðherra feli öðrum, en húsameistara ríkisins er skylt að aðstoða hann um kaup útlends efnis og annað, sem við verður komið. Val yfirmsiðs skal húsameistari samþykkja.

63

8. sept.

8. gr.

Helmingur styrks þess, er í 2. gr. getur, greiðist er ráðuneytið fær skilríki fyrir því, að meginhluti efnis sé komið á byggingarstaðinn, enda sé timbur vátryggt. Hinn helmingur styrksins greiðist þegar húsið er fókheld. Lánsféð greiðist þegar ráðuneytinu hafa borizt fullnægjandi skilríki frá trúnaðarmanni sínum, um að húsið sé fullgert eftir uppdrætti og vel vandað í öllu.

9. gr.

Nú berast ráðuneytinu fleiri beiðnir presta um íbúðarhús en svo, að veitt upphæð í fjárlögum hrökkvi til, og skal þá taka til greina beiðnir þeirra, sem brýnasta hafa þörf.

10. gr.

Umsóknir um styrk og lán til íbúðarhúsa á prestssetrum skulu komnar til ráðuneytisins eigi síðar en í maímánuði árið áður en byggja skal, og svar ráðuneytisins skal sent presti eigi síðar en 1. sept. sama ár.

11. gr.

Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, og er þá bæjarfélagi eða sveitar skylt að leggja til ókeypiss hentuga lóð undir íbúðarhús hans.

12. gr.

Ef íbúðarhús eða bæjarhús prestsseturs brennur eða eyðist af náttúruvöldum eftir að ráðstafað hefir verið fjárveitingu, sem fyrir hendi er til byggingar á prestssetri, er ráðuneytinu heimilt að leggja fram fé til að reisa íbúðarhús samkvæmt þessum lögum, að því leyti sem brunabótafé og fyrningarsjóður prestakallsins hrekkur ekki til endurbyggingar.

13. gr.

Prestur skal á eigin kostnað annast árlegt viðhald íbúðarhúss eftir reglum, sem ráðuneytið setur. Prófastur og biskup skulu líta eftir á eftirlitsferðum sínum, hvort reglum þessum sé fylgt, og skýra ráðuneytinu frá, ef áfátt er. Ef prestur lætur hjá liða að bæta úr þessu eftir að hann hefir fengið áminningu, er ráðuneytinu rétt að láta aðgerð fara fram á hans kostnað og taka greiðslu af launum hans.

14. gr.

Nú er reist hús á prestssetri eftir þessum lögum, og skal prestur þá árlega leggja fram $\frac{1}{2}\%$ af styrk samkvæmt 2. og 18. gr. í sjóð, sem er eign prestakallsins og nefnist fyrningarsjóður. Sjóð þennan skal ávaxta í útborgunardeild Söfnunarsjóðs Íslands, undir umsjón biskups, en framlagi prests skal halda eftir af launum hans með $\frac{1}{12}$ á mánuði.

15. gr.

Íbúðarhús á prestssetrum skulu vátryggð gegn eldi í Brunabótafélagi Íslands, og gætir biskup þess. Brunabótagjaldið greiðir prestur, og skal það tek-ið af launum hans þegar biskup óskar. 63
8. sept.

16. gr.

Þegar endurbyggja þarf hús vegna fyrningar, skal til þess nota það fé með vöxtum, sem í fyrningarsjóð prestakallsins hefir safnað, eftir því sem með þarf, og skal Söfnunarsjóður inna það af hendi áður en 6 mánuðir eru liðnir frá þeim degi, er greiðsla var krafizt.

17. gr.

Nú kemur það í ljós, er endurbyggja þarf íbúðarhús, eða við brottför prests úr kalli, að viðhaldi var áfátt, og skal þá prestur eða dánarbú hans bæta eftir mati úttektarmanna.

18. gr.

Ef húsameistari ríkisins telur ekki rétt að reisa hús á prestssetri, heldur sé endurbót eða viðbygging nauðsynleg og fjárhagslega réttmæt, þá er ráðherra heimilt að veita til þess fé úr kirkjujarðasjóði, og séu tveir þriðju hlutar þess styrkur en þriðjungur lán, er ávaxtist og endurgreiðist með 4½% á ári. Þar af eru 3½% vextir og 1% afborgun. Að öðru leyti fer um endurbætur þessar eða viðbyggingu eftir sömu reglum og þá er ný hús eru reist á prestssetrum, eftir því, sem við getur átt.

19. gr.

Nú hefir reist verið eða endurbætt íbúðarhús á prestssetri eftir eldri lög-um, fjárlögum eða stjórnarráðstöfunum, og er presti þá ekki skylt að greiða hærri upphæð samtals í vexti og afborgun af lánum, sem veitt hafa verið til byggingarinnar, eða afgangur af byggingarstyrk, en honum bæri að greiða af íbúðarhúsi, sem reist er eða endurbætt eftir lögum þessum, og aldrei yfir 320 kr. Auk þess annist hann á sinn kostnað vátryggingu og viðhald eftir þeim reglum, sem settar eru í lögum þessum um ný hús, og greiði árlegt gjald í fyrningarsjóð, er nemi ½% af láni eða styrk, þó ekki yfir 80 kr.

II. KAFLI.

Um byggingar peningshúsa.

20. gr.

Ábúendum prestssetra skal heimilt að vinna af sér eftirgjöld og kvaðir á ábýlisjörðum sínum og því, er þeim fylgir, með peningshúsabyggingum úr stein-
steypu eða timbri og járn, með þeim skilmálum, er segir í lögum þessum.

Hlökkur teljast með peningshúsum.

21. gr.

63
8. sept. Nú óskar ábúandi á prestssetri að vinna af sér eftirgjald samkv. 17. gr., og lætur ráðuneytið þá rannsaka þörf nýrrar byggingar. Ef hún reynist nauðsynleg, lætur ráðuneytið hæfan mann rannsaka aðstöðu alla og gera uppdrátt og kostnaðaráætlun, svo sem segir í 6. gr., og skal ábúandinn síðan reisa húsið samkv. þeim uppdrætti eða öðrum, er ráðuneytið samþykkir.

Ríkissjóður leggur fram járn og steinlím til byggingarinnar.

22. gr.

Þegar peningshús hefir verið reist samkv. lögum þessum, skal það tekið út af trúnaðarmanni ráðuneytisins. Og ef húsið reynist fullbyggt og vandað að dómi trúnaðarmanns, tekur ráðuneytið við því fyrir hönd jarðarinnar.

23. gr.

Nú er, að dómi ráðuneytisins, nauðsynlegt að reisa stærra peningshús en svo, að 3 ára eftirgjald og kvaðir á prestssetrinu hrökkvi fyrir byggingarkostnaðinum. Lánar ráðuneytið þá fé úr kirkjujarðasjóði, ef prestur óskar, fyrir vinnu við steypu og tré, aðkeyptu efni, nema járn og steinlími, svo og fyrir helmingi flutningskostnaðar, ef aðdrættir eru sérstaklega erfiðir að dómi ráðuneytisins.

Allt annað framlag ábúanda til byggingarinnar telst fyrirframgreiðsla eftirgjaldsins.

24. gr.

Lán samkv. 22. gr. eru embættislán, gegn veði í tekjum embættisins, og ávaxtast þau og endurborgast með 4½% á ári. Af því eru 3½% vextir og 1% afborgun.

25. gr.

Ábúandi greiði árlega 1% af framlagi ríkissjóðs til peningshúsa, sem byggð eru samkv. lögum þessum, í „fyrningarsjóð peningshúsa“.

Um eftirlit og viðhald fer að öðru leyti eftir ákvæðum 13. gr.

26. gr.

Fyrningarsjóður peningshúsa skal vera eign prestakallsins. Um stjórn hans og ávöxtun, svo og hvenær til hans skuli taka, fer á sama hátt og segir í 14. og 16. gr. um fyrningarsjóð íbúðarhúsa.

27. gr.

Nú deyr ábúandi á prestssetri, eða flyzt burtu áður en afgangur prestssetursins hafa numið fyrirframgreiðslum hans samkv. 18. og 22. gr., og endurgreiðir þá ráðuneytið fráfaranda eða dánarbúi hans það, er á vantar.

Niðurlagsákvæði.

63

8. sept.

28. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá úr gildi lög nr. 30, 16. nóv. 1907, og lög nr. 25, 20. okt. 1913.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.

L Ö G

64

8. sept.

um

hafnargerð á Akranesi.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Til hafnargerðar á Akranesi veitast úr rikissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem rikisstjórnin hefir samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur — gegn $\frac{3}{5}$ frá hafnarsjóði Akraness. Með framlagi rikissjóðs teljast fjárveitingar þær, sem þegar hafa verið veittar í fjárlögum.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að kr. 500000 — fimm hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Akraness kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð Borgarfjarðarsýslu, enda sé